

Comrade Film ehf  
Hjallabraut 43  
220 Hafnafjörður

Reykjavík, 4. desember 2024  
UST202411-163/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku Dverghamrar, Hjálparfoss og Reykjanesfólkvangur**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Comrade film ehf, dagsett, 18. nóvember 2024 með viðbótargögnum dagsett 26. og 28. nóvember 2024, um leyfi til kvikmyndatöku innan Dverghamra og Reykjanesfólkvangs og við Hjálparfoss.

Dverghamrar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 446/1987](#). Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimil nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) svæðisins er kvikmyndagerð og ljósmyndun í atvinnuskyni og sem getur haft áhrif á náttúruvættið háð leyfi Umhverfisstofnunar. Jafnframt er umferð ómannaðra loftfara bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 110/2020. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Kort sem sýna hvar tölur færu fram á svæðunum fylgdu með umsókn. Við Dverghamra og Hjálparfoss væri verið að mynda 4-5 aðila ganga um svæðin. Engin leikmynd yrði notuð á svæðunum. Í Reykjanesfólkvangi færu tölur fram í fjörunni við Kleifarvatn norðan við Syðristapa og Seltún. Verið væri að mynda 4-5 aðila á göngu. Ekki yrði farið útfyrir stíga í Seltúni og engin leikmynd sett upp. Við Kleifarvatn er óskað eftir leyfi til að leggja bifreiðum og koma upp aðstöðubúðum á malarkamb norðan við vatnið og keyra 3-4 tækjabíla með búnað niður í fjöruna við Syðristapa. Að tölunum kæmu 60-70 manns og færu þær fram á tímabilinu 11.-14. desember 2024.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðana sé farið að skilyrðum leyfisins. Akstur utan vega gæti haft áhrif á ásýnd fjörunar við Kleifarvatn en séu ummerki um aksturinn fjarlægð um leið og tökum er lokið er hægt að takmarka neikvæð áhrif akstursins. Tökurnar og aksturinn gætu haft áhrif á upplifun gesta en sé farið að skilyrðum leyfisins væri hægt að takmarka þau áhrif að mati Umhverfisstofnunar.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Comrade Film ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan friðlýstu svæðana Dverghamra og Hjálparfoss og kvikmyndatöku og akstri utan vega innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 11. – 14. desember 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga við Dverghamra og Hjálparfoss skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði við Seltún.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað við Kleifarvatn um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.

- Einungis skal aka tækjabílum með búnað að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu. Aðrir bílar en þeir sem flytja búnað hafa ekki heimild til að keyra utan vega við fjöruna við Syðristapa.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka í fjörunni við Syðristapa.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

René Biasone  
**sérfræðingur**